



Íþróttaskóli barna vorið 2021 – Knattspyrnufélagið Þróttur

Knattspyrnufélagið Þróttur mun starfrækja íþróttaskóla barna í vor sem ætlaður eru börnum á aldrinum 1-4 ára. Stefnt er að því að hafa fjölbreytta dagskrá til þess að efla skyn – og hreyfiproska barna ásamt því að hafa gaman og læra að umgangast aðra.

Íþróttaskólinn verður í íþróttasal Langholtsskóla og hefst tímabilið laugardaginn 20.mars og stendur til 1.maí, eða í 7 skipti. Hópnum verður skipt í tvennt:

Börn fædd 2018-2019 kl. 10:00 – 11:00

Börn fædd 2016 - 2017 kl. 11:00 – 12:00

Skráning er hafin í íþróttaskólann og fer hún fram á skráningarsíðu Þróttar, <https://trottur.felog.is> þar sem jafnframt er hægt að ganga frá greiðslu.

Mælt er með að börnin mæti berfætt eða í sokkum sem gripi.

Vegna sóttvarnareglna er einungis einu foreldri heimilt að mæta með hverju barni og eru foreldrar/forráðamenn barnanna vinsamlegast beðnir um að virða það.

Ef barn er óöruggt á einhvern hátt (skortir kjark eða færni) þarf líka að styðja það vel í upphafi og draga sig síðan í hlé þegar færnin verður meiri og sjálfstraust eykst.

Aðstaða er til fataskipta sé þess óskað.

SKRÁNING

Verð fyrir námskeiðið er kr. 8.000 fyrir 7 tíma.

Takmarkað pláss er á báðum námskeiðum.

Umsjónaraðili íþróttaskólans vorið 2021 er Gabríela Jónsdóttir sem hefur áður þjálfað hjá félaginu og hefur góða reynslu af umgengni við börn.

Hægt er að fá nánari upplýsingar um Íþróttaskóla barnanna hjá umsjónarmanni á netfanginu gabrielajonsdottir@gmail.com eða hjá Íþróttastjóra Þróttar á tölvupóstfanginu thorir@trottur.is